

Nd.

80. Frumvarp til laga

[49. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Magnús Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

7. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959, og er jafnframt úr gildi numin 3. gr. laga nr. 20/ 1947.

Greinargerð.

Með lögum um skipulag fólksflutninga með bifreiðum, nr. 22 30. jan. 1945, er sérleyfishöfum gert að greiða svokallað sérleyfisgjald. Er gjaldi þessu ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd umræddra laga, en í annan stað skal því varið til að koma upp afgreiðslustöðvum fyrir sérleyfisbifreiðar.

Með 3. gr. laga nr. 20 12. marz 1947 var gerð sú breyting á 7. gr. laga um Ferðaskrifstofu ríkisins, nr. 33 1. febr. 1936, að heimilt skuli vera að greiða kostnað við rekstur skrifstofunnar af sérleyfisgjaldi bifreiða. Felur því 7. gr. laga um Ferðaskrifstofu ríkisins nú í sér þessa heimild.

Í samræmi við þetta ákvæði hefur hallinn á rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins árum saman verið greiddur úr sérleyfissjóði með þeirri afleiðingu, að ekkert fé hefur safnast í sjóðinn.

Vegna slaukinna flutninga með bifreiðum, einkum vöruflutninga, viðsvegar um landið hefur vaxið þörfin á afgreiðslumiðstöðvum fyrir sérleyfisbifreiðar. Er einkum brýn nauðsyn að koma upp slíkri afgreiðslumiðstöð í Reykjavík, því að þaðan og þangað eru flutningarnir mestir. Stundar fjöldi bifreiða þessa flutninga, en afgreiðsla þeirra er á mörgum stöðum í bænnum. Veldur þetta miklum erfiðleikum fyrir bæði þá, sem flutningana annast, og þó eigi síður viðskiptavinina, og loks er hér um umferðarvandamál að ræða.

Félag sérleyfishafa hefur hvað eftir annað borið fram ósk um það, að sérleyfisgjaldinu yrði varið til að koma upp nauðsynlegum afgreiðslustöðvum. Verður sú ósk að teljast mjög sanngjörn og vitanlega miklu eðlilegra, að sérleyfisgjaldinu sé varið til afgreiðslustöðva fyrir bifreiðar, heldur en til að greiða kostnað við Ferðaskrifstofu ríkisins.